# 178 Fyrst boðar Guð




5 Hann býður enn þá: „Farið, laðið, leiðið
og leitið, kallið, biðjið, þrýstið, neyðið,
mitt kærleiks djúp á himins víðar hallir,
í húsi mínu rúmast allir – allir."

6. Fyrst kallar Guð en bregðist þú því boði,
þá biður Guð og þó að hvorugt stoði,
þá þrýstir Guð og það er síðsta orðið,
ef því er neitað, hræðstu sálar morðið!

7. Ó, Drottinn, þú sem býður, biður, neyðir,
ég blindur er en sonur þinn mig leiðir
frá synd og hættum gegnum dauðans dalinn
í dýrðar þinnar fagra gleðisalinn.

**T** Matthías Jochumsson – Sb. 1886
**L** Andreas P. Berggreen 1828 – PG 1878
**R** Andreas P. Berggreen – Ný sálmasöngsbók

Ný sálmasöngsbók © Skálholtsútgáfan, 2023